



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

594. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 6. janúar 2025
og hófst hann kl. 12:00.

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Einar Þorsteinsson formaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - 2409009

Framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins kynnir stöðu stofunnar hvað varðar t.a.m. fjölda aðildarfyrirtækja, fjármögnun starfseminnar og samningagerð framundan.

Gestir

Inga Hlín Pálsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins.

Niðurstaða:

Umræður

2. Sóknaráætlun 2025-2029 - 2312007

Framkvæmdastjóri kynnir yfirstandandi áhersluverkefni sóknaráætlunar, stöðu þeirra og áætluð verklok.

Ráðgjafar KPMG kynna vinnu við mótun nýrrar sóknaráætlunar, drög að sóknaráætlun 2025-2029 og tillögur að áhersluverkefnum hennar. Framhald frá umræðum 589. fundar, fundar samráðsvettvangs 1. nóvember 2024 og sérstaks vinnufundar um sóknaráætlun sem haldinn var 6. desember 2024.

Gestir

Sævar Kristinsson ráðgjafi KPMG

Lilja Ósk Alexandersdóttir ráðgjafi KPMG

Niðurstaða:

Umræður. Drögin verði unnin áfram til samræmis við umræður fundarins og lögð fyrir að nýju á næsta fundi stjórnar.

3. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Fyrirliggjandi til kynningar og umræðu er sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf., um stöðu og framgang verkefna dags. desember 2024, sbr. h-lið 6. gr. Samgöngusáttmálans. Framkvæmdastjóri ásamt öðru starfsfólki Betri



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

samgangna ohf. kynnir. Umræður um efni skýrslunar og stöðu og framgang verkefna, s.s. hvað varðar ljósastýringar og umferðarflæði.

Gestir

Próstur Guðmundsson forstöðumaður verkefna og áætlana.

Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf.

Katrín Halldórsdóttir forstöðumaður göngu- og hjólastíga.

Niðurstaða:

Umræður. Sex mánaða skýrsla Betri samgangna ohf. er lögð fram og er skrifstofu SSH falið að senda hana aðildarsveitarfélögum til kynningar. Jafnframt fari sérstök kynning á efni skýrslunnar fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska.

4. Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfél.á hbsv. - 2409007

Framhald umræðu frá 593. fundi. Vinna við undirbúning stofnunar nýs félags um almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu hefur staðið yfir á vettvangi stýrihóps ríkis og sveitarfélaga og gerður var samningur við Expectus ráðgjöf ehf. um aðstoð við innleiðingu á breyttu rekstrarfyrirkomulagi. Tillögur stýrihópsins hafa verið sendar sveitarfélögum til kynningar til samræmis við ákvörðun 592. fundar og hafa sérstakar kynningar átt sér stað í öllum byggðaráðum. Fyrirliggjandi er skjal sem lýsir sameiginlegum skilningi fulltrúa ríkis og sveitarfélaga á stöðu málsins um nýliðin áramót og því hvernig fjármögnun Strætó bs. skuli hagað í upphafi árs 2025. Þá er gert ráð fyrir að stofnskjöl vegna nýs félags og samningar þess við Strætó bs. liggi fyrir síðar í janúarmánuði. Er óskað eftir staðfestingu stjórnar SSH á framangreindu.

Niðurstaða:

Staðfest

5. Önnur mál - 2110011

Skrifað er undir tilkynningu um breytingu á stjórn til fyrirtækjaskrár Skattsins, vegna breytinga á stjórn sem urðu við bæjarstjórnarskipti í Hafnarfirði nú um áramót og formannsskipta á aðalfundi SSH 1. nóvember 2024.

Umræður um hagsmunagæslu SSH. Er framkvæmdastjóra falið að vinna drög að bréfi til ráðherra ríkisstjórnarinnar um áherslur SSH gagnavart ríkinu, sér í lagi þegar kemur að málaflokki þjónustu við fatlað fólk og um mikilvægi þess að kostnaðarmat sé framkvæmt til samræmis við 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 þegar fyrirséð er að tillaga að lagafrumvarpi, stjórnvaldsfyrirmælum eða aðrar stefnumarkandi ákvarðanir af hálfu stjórnvalda hafi fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög.

Niðurstaða:

Afgreitt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026